

Byggðasamlag um brunavarnir í Austur-Húnnavatnssýslu

Fundur í stjórn Byggðasamlangs um brunavarnir í Austur-Húnnavatnssýslu var haldinn í fundarsal Hnúkabyggð 33, Blönduósi, miðvikudaginn 9. desember 2020, kl: 16:00-

Mætt voru: Sigurgeir Þór Jónasson, (Blb.), Sverrir Þór Sverrisson (Hvhr.), Anna Margret Sigurðardóttir (Blb), Ingvar Sigurðsson, slökkviliðsstjóri brunavarna A-Hún., og Valdimar O. Hermannsson, sveitarstjóri Blönduósbæjar, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Einnig sat fundinn, sem áheyrnarfulltrúi með málfrelsi og tillögurétt: Einar K. Jónsson, Sveitarstjóri Húnnavatnshrepps. Þá kom Sigrún Hauksdóttir á fundinn undir 2. lið.

Fundargerð:

Sigurgeri Þór setti fund, kl 16:05-, bauð fundarmenn velkomna til stjórnarfundar.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Fundargerð síðasta stjórnarfundar, frá 2. nóv. s.l var lögð fram til undirritunnar en fundargerðin hafði áður verið send stjórnarmönnum, í tölvupósti, án athugasemda.

2. Fjárhagsáætlun Brunavarna A-Hún., fyrir árið 2021.

Sigrún Hauksdóttir, skrifstofu- og fjármálastjóri Blönduósbæjar fór yfir forsendur fyrir fjárhagsáætlun 2021, sem hafði verið send stjórnarmönnum fyrir fundinn, og benti meðal annars á hvaða þættir hafi haft áhrif til hækunar, s.s. launakostnað, vegna aukinnar bakvaktaskyldu og kostnað vegna kaupa á nýju húsnæði ofl.þ.h.. Umræður urðu um þessi atriði og gerðar breytingar á nokkrum liðum til lækkunar. Eftir þær breytingar og umræðu þá var fjárhagsáætlun lögð fram og samþykkt með 2 atkvæðum fulltrúa Blönduósbæjar, en fulltrúi Húnnavatnshrepps lagði fram bókun:

„Nú hafa fulltrúar Blönduósbæjar samþykkt fjárhagsáætlun Brunavarna Austur Húnvetninga fyrir árið 2021. Fulltrúi Húnnavatnshrepps situr hjá við afgreiðslu málsins. Rétt er að taka fram að greiðslur sveitarfélaganna hafa hækkað úr 20.250.000 krónum árið 2018 í 52.600.000 á árinu 2021. Fulltrúi Húnnavatnshrepps vill mótmæla því að enn séu Brunavarnir reknir með slíku framlagi án þess að það sé gerð úttekt og stefnumótun fyrir brunavarnir á svæðinu. Þegar slíkar upphæðir af almannafé eru settir í einn málaflokk er nauðsynlegt að staldra við og spyrja sjálfan sig og aðra hvert stefnum við. Fulltrúi Húnnavatnshrepps mun sitja hjá við afbreiðslu málsins eins og áður er greint frá og óskar eftir því að hlutlaus aðili taki út rekstur og þörf á Brunavörnum Austur-Húnvetninga, verði þeirri úttekt lokið fyrir 15. febrúar 2021.“

Fulltrúar Blönduósbæjar bókuðu eftirfarandi á fundinum:

„Fulltrúar Blönduósbæjar í stjórn Brunavarna A-Hún., lýsa undrun sinni yfir fram kominni bókun, þar sem fulltrúi Húnnavatnshrepps kom ekki með neinar tillögur eða athugasemdir í umræðu um fjárhagsáætlun, en kýs að leggja fram tilbúna bókun eftir að fjárhagsáætlun 2021 hefur verið afgreidd. Mikil uppbygging hefur verið í rekstri og umgjörð Brunavarna í Austur-Húnnavatnssýslu, á síðustu árum, með fullri þátttöku og án nokkurra athugasemda frá fulltrúa Húnnavatnshrepps, og vissulega hefur það ásamt hertum reglum um brunavarnir haft áhrif til hækunar í rekstri Brunavarna í A-Hún.“

Að tillögu formanns stjórnar þá verður sérstakur aukafundur Brunavarna A-Hún., miðvikudaginn 6. Janúar 2021., kl 16:00, til þess að ræða efni bókunar og hvort tilefni er til þess að bregðast við henni sérstaklega, mögulegan kostnað við úttekt, og samstarfið um brunavarnir í Austur-Húnnavatnssýslu.

Byggðasamlag um brunavarnir í Austur-Húnvatnssýslu

3. Fyrirhugaðar breytingar á Efstubraut 2.

Ingvar Sigurðsson slökkviliðsstjóri fór yfir fyrstu drög að kostnaðaráætlun vegna framkvæmda við breytingar og innréttingu á nýrri slökkviliðstöð að Efstubraut 2. Teikningar að innréttingu á húsnæðinu lágu fyrir á síðasta fundi og ljóst er að áfangaskipta þarf verkefninu. Samþykkt tillaga um að ganga til samninga við Stefán Árnason um að vera byggingastjóri að verkinu, en undirbúningur og fyrstu framkvæmdir eru þegar hafnar, en nánar verður farið yfir framhaldið á næsta fundi.

4. Skýrsla slökkviliðsstjóra A-Hún., um stöður mála.

Ingvar Sigurðsson fór munnlega yfir helstu atriði í starfsemi slökkviliðsins, síðastliðinn mánuð, en ýtarleg skýrsla slökkviliðsstjóra var flutt á síðasta fundi.

5. Önnur mál

- Stjórnarmenn undirrituðu samþykki fyrir slökkviliðsstjóra, með skoðunaraðgang að reikningum Brunavarna A-Hún., hjá Arionbanka.
- Næsti fundur stjórnar var ákveðinn miðvikudaginn 6. Janúar 2021, kl 16:00-

Fundi slitið kl 17:15-

Sigurgeir Þór Jónasson,

Sverrir Þór Sverrisson,

Anna Margret Sigurðardóttir,

Ingvar Sigurðsson,

Einar K Jónsson

Valdimar O Hermannsson